



Tilkynning til íbúa í Árnessýslu frá Almannavarnanefnd Árnessýslu

Líkur eru á SO_2 gosmengun um allt Suðurland (brennisteinstvíldi, brennisteinsdíoxíð) vegna eldgossins við norðanverðan Vatnajökul.

Þessi mengun er háð styrk gosmengunarinnar hverju sinni, vindátt og vindstyrk og getur verið varasöm, ef hún nær að mynda bláa eða grábláa móðu. SO_2 getur m.a. valdið ertingu í öndunarfærum og augum.

Sem stendur eru unnið að uppsetningu loftgæðamæla, m.a. í Þjórsárdal, til viðbótar við þá mæla sem fyrir eru í sýslunni. Mælingar má lesa á vefsíðu Umhverfisstofnunar ust.is undir fyrirsögninni „loftgæði“

Íbúar eru hvattir til að fylgjast með aðstæðum utandýra, fréttum og upplýsingaveitum á netinu. Ráðlögð viðbrögð við SO_2 gosmengun, sjá einnig baksíðu þessa blaðs:

- Börn og fólk sem er viðkvæmt fyrir, ætti að halda sig innandýra með lokaða glugga, hækka í ofnum og slökkva á loftræstingu þar sem það á við.
- Heilbriggt fólk ætti ekki að vera í líkamlegri áreynslu utandýra.
- Hafa tiltæk lyf sem tekin eru að staðaldri við hjarta- eða lungnasjúkdómum.
- Áhrif SO_2 gosmengunar eru svipuð á dýr og menn.

Helstu upplýsingaveitur:

almannavarnir.is – sjá m.a. leiðbeiningar um mengun og öskufall

vedur.is – viðvaranir ef spár gefa til kynna háan SO_2 -styrk frá eldgosinu

loftgaedi.is - loftgæðamælingar í rauntíma á tiltækum mælum

ust.is - upplýsingasíða og ráðlögð viðbrögð við SO_2 gosmengun

landlaeknir.is – tilkynningar vegna brennisteinsdíoxíðs (SO_2) á Austurlandi

mast.is – upplýsingar um áhrif gosmengunar á dýr

Einnig er bent á heimasíður hvers sveitarfélags fyrir sig

Almannavarnarnefnd vinnur að undirbúningi íbúafunda vegna mögulegra rýminga komi til þess að flóð verði á vatnasviði Þjórsár og eftir atvikum Hvítár vegna goss í Bárðarbungu. Þessir fundir verða boðaðir á heimasíðum hvers sveitarfélags fyrir sig.



UMHVERFISSTOFNUN

Áhrif á heilsufar og ráðleggingar um viðbrögð við SO₂ frá eldgosum

Magn SO ₂ *	Lýsingar á loftgæðum	Ráðleggingar um aðgerðir	
µg/m ³		Einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma **	Heilbrigðir einstaklingar
	Góð		
0-300	Yfirleitt engin áhrif á heilsufar.	Getur fundið fyrir áhrifum	Engin áhrif á heilsufar
	Viðunandi		
300- 600	Getur valdið óþægindum í öndunarferum hjá einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma.	Farið með gát, fylgist með mælingum.	Áhrif á heilsufar ólíkleg.
	Varasöm		
600-3.000	Einkenni frá öndunarferum líkleg hjá einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma. Lítil vandamál hjá heilbrigðum.	Forðist áreynslu utandry.	Áhrif á heilsufar ólíkleg en gagnlegt að draga úr áreynslu utandry.
	Óhollt		
3.000-9.000	Einkenni frá öndunarferum líkleg hjá öllum einstaklingum, einkum einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma.	Dveljið innandry og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu.	Forðist áreynslu utandry. Þeir sem hafa tök á haldi sig innandry, loki gluggum og slökkvi á loftræstingu.
	Mjög óhollt		
9.000-14.000	Allir líklegir til að finna fyrir miðlungs- eða alvarlegum einkennum frá öndunarferum.	Dveljið innandry og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandry og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.
	Hættuástand		
>14.000	Alvarleg einkenni frá öndunarferum líkleg.	Dveljið innandry og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandry og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.

Höf: Sóttvarnalæknir, Umhverfisstofnun og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

*Meðalgildi í 15 mínútur

**Börn og fullorðnir með astma, berkjubólgu, lungnaþembu og hjartasjúkdóma.

Almennar ráðleggingar:

- Andið sem mest með nefi
- Dveljið innandry og lokið gluggum
- Slökkvið á loftræstingu ef móða er áberandi í umhverfinu
- Lungna- og hjartasjúklingar hafi sín lyf tiltæk